

# **Stofnanasamningur milli hjúkrunarfræðinga í Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga og Skógarbæjar.**

Skógarbær og Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga gera með sér eftirfarandi samkomulag um nánari forsendur og reglur um röðun starfa við stofnunina skv. kjarasamningi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga annars vegar og Samtaka fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu (SFH) hins vegar, dags. 9. september 2005.

## **1. gr. Gildissvið.**

Samkomulag þetta nær til allra hjúkrunarfræðinga í Skógarbæ sem starfa og njóta ráðningarkjara samkvæmt kjarasamningum FÍH.

## **2.gr Gildistími.**

Gildistími samningsins er frá 1. maí 2006 - 30.apríl 2008.

## **3.gr. Markmið.**

Að launakerfið sé sveigjanlegt og að ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti.

Að launakerfið nýtist sem stjórnþæki til að ná fram markmiðum stjórnenda Skógarbæjar og FÍH.

Að launakerfið feli í sér tækifæri fyrir starfsmenn til áhrifa á framgang í starfi.

Að launakerfið opni fyrir þann möguleika að starfsmenn geti samið um fastar greiðslur sem ekki eru hluti af grunnlaunum en séu tekin inn í föst laun., sb. 7.gr.

Að launakerfið efli starfsánægju

## **4. gr. Launarammar.**

*Hjúkrunarfræðingur A*

Byrjandi í starfi

Nýtur tilsagnar bakvaktar reynds fagaðila við störf sín.

**launaflokkur 1- 3**

***Hjúkrunarfræðingur B***

Hefur starfað 1 ár sem hjúkrunarfræðingur. Getur tekið sjálfstæðar vaktir.

**launaflokkur 4**

***Hjúkrunarfræðingur C***

Hefur starfað í 5 ár sem hjúkrunarfræðingur.

**launaflokkur 5**

***Hjúkrunarfræðingur D***

Mjög fær í starfi. Tekur virkan þátt í þróun og skipulagningu deildar. Getur leyst hjúkrunarstjóra af. Getur tekið allar vaktir.

**launaflokkur 6**

***Hjúkrunarstjóri***

**launaflokkur 8**

**5. gr. Mat á einstaka þáttum.**

**5.1 Starfsreynsla eftir útskrift.**

Hjúkrunarfræðingur með tveggja ára starfsreynslu eftir útskrift hækkar um eitt launaþrep (2,5%)

**5.2 Starfsreynsla hjá stofnun**

Eftir tvö ár í starfi hjá Skógarbæ skal hjúkrunarfræðingur hækka um eitt launaþrep.(2,5%)

Eftir fimm ár í starfi hjá Skógarbæ skal hjúkrunarfræðingur hækka um eitt launaþrep. (2,5%).

Eftir tíu ár í starfi hjá Skógarbæ skulu hjúkrunarfræðingar hækka um eitt launaþrep. (2,5%). **Tekur gildi 1. maí 2007**

**5.3 Menntun**

Leitast skal við að hjúkrunarfræðingar fái tækifæri til að viðhalda og auka menntun sína.

Hjúkrunarfræðingur, sem lokið hefur sérfræðinámi eða formlegu framhalds- eða viðbótarnámi, sem nýttist í starfi, skal raðast sem hér segir:

- Viðbótarnám í stjórnun, a.m.k. 15 einingar eitt launaþrep (2,5%)
- Sérfræðinám í öldrun að lágmarki 15 einingar veitir eitt launaþrep (2,5%), a.m.k. 30 einingar, veitir tvö launaþrep (5%).
- Djáknanám, 30 einingar, veitir tvö launaþrep (5,0%)
- Kennslu- og uppeldisfræði, 30 einingar, veitir tvö launaþrep (5,0%)

- Meistarapróf skal meta sem einn launaflokk, (5,0%), ef viðkomandi viðbótarnám nýtist í starfi.
- Doktorspróf hækki sem nemur 7,5% ef viðkomandi viðbótarnám nýtist í starfi (eða 2,5% ef meistarapróf hefur áður verið metið til 5% hækkunar.)

#### **5.4 Námskeið - símenntun**

Heimilt er að raða starfsmanni einu launaþrepi ofar fyrir 8 einingar (96 klst ) sem hann hefur lokið í námskeiðum, fræðslufundum og öðru sem nýtist í starfi. **Miðað er við námskeið og fræðslu sem tekin eru eftir 1. maí 2006.**

#### **5.5 Húsvakt/öryggisvakt**

Hjúkrunarfræðingur sem er einn á vakt í stofnuninni og ber ábyrgð á allri hjúkrun (húsvakt/öryggisvakt) fær 1 launaþrep til viðbótar f.o.m. 1. maí 2006 (2,5%) t.o.m. 31. 12 2006, en 1.janúar 2007 breytist launaþrepið í flokk (hækkar úr 2.5% í 5%).

### **7.gr. Sérstakt tímabundið verkefni/álag.**

Heimilt er að gera samning við hjúkrunarfræðing um að taka að sér sérstakt verkefni sem felur í sér tímabundið álag. Gera skal skriflegan viðbótarsamning um tímabundna hækkun. Í samningi þessum skal koma fram umfang efnis og efnisþættir. Umbunin getur að hámarki verið 30.000 kr. á mánuði og tekur ekki breytingum á samningstímanum.

### **8. gr. Bakvaktir.**

Bakvaktir skulu greiddast samkvæmt kjarasamningi og þar að auki skal greiða 2 klst. í yfirvinnu, ef hringt er tvisvar eða oftar í vakthafandi hjúkrunarfræðing á bakvakt.

### **9.gr Námsferðir**

Tveir hjúkrunarfræðingar eiga möguleika á að sækja ráðstefnu árlega.

### **10.gr. Endurskoðun.**

Verði breyting á starfsemi stofnunar eða störfum einstaka starfsmanna skal samkomulagið endurskoðað.

Reykjavík 21. september 2006

F.h. Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga

F.h. Skógarbæjar



## **Bókun vegna skipulagsbreytinga sem taka gildi 1. október 2006.**

### **Bókun 1.**

Vegna breytinga, sem fyrirhugaðar eru hjá stofnuninni, sem fela í sér að hjúkrunarstjórar verða yfirmenn þriggja eininga í stað tveggja, bætast við 2 launaflokkar hjá hjúkrunarstjórum. Hjúkrunarstjórum í Skógarbæ fækkar við það úr 3 í 2 stg.. Verði breyting til fyrra fyrirkomulags fellur annar þessara flokka niður.

### **Bókun 2.**

Vegna breytinga, sem fyrirhugaðar eru hjá stofnuninni, m.a. fækkun hjúkrunarstjóra úr 3 í 2 og fækkun aðstoðarhjúkrunarstjóra úr 6 í 5.5 stg. og vegna aukins vinnuálags af þeim sökum, bætast 2 flokkar við hjá hjúkrunarfræðingum D.

Þessi flokkar eru háðir þeim skilyrðum að :

1. Fjölgi hjúkrunarstjórum úr 2 í 3 stg. fellur annar þessara flokka niður.
2. *eða:* Fjölgi hjúkrunarfræðingum E úr 5.5 stg. í 6.2 stg. fellur annar þessara flokka niður.
3. *eða:* Verði fjölgun á almennum hjúkrunarfræðingum þannig að heildarstöðugildi hjúkrunarfræðinga í Skógarbæ verði 10 eða fleiri fellur annar þessara flokka niður.

Reykjavík, 21. september 2006